



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2023 - 2024

Í janúar 2016 voru fyrsta sinn lögð fram og samþykkt í skóla- og frístundaráði skóladagatöl grunnskóla Reykjavíkur fyrir tvö næstu skólaár, 2016 – 2017 og 2017 - 2018. Var það m.a. gert vegna óska sem fram höfðu komið frá foreldrum um að þeir fái upplýsingar um skólastarf lengra en eitt ár fram í tímann. Rök þeirra voru einkum á þá leið að slíkt tíðkist í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Reynslan hefur einnig leitt í ljós að fjölmargir aðilar í samfélaginu taka mið af skóladagatali þegar þeir skipuleggja sitt starf. Því er nú lagt fram skóladagatal fyrir grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2023 – 2024 til að fylgja því eftir að skóladagatöl fyrir tvö næstu skólaár liggi fyrir.

1. Skólasetning

Gert er ráð fyrir að skólasetning verði í öllum grunnskólum Reykjavíkur *þriðjudaginn 22. ágúst 2023*.

2. Vetrarfrí á haustönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á haustönn eftirtalda daga:

<i>Fimmtudaginn</i>	<i>26. október 2023</i>
<i>Föstudaginn</i>	<i>27. október 2023</i>
<i>Mánudaginn</i>	<i>30. október 2023</i>

3. Vetrarfrí á vorönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á vorönn eftirtalda daga:

<i>Mánudaginn</i>	<i>19. febrúar 2024</i>
<i>Þriðjudaginn</i>	<i>20. febrúar 2024</i>

4. Umhverfis dagar

Lagt er til að umhverfis dagar verði 15. september 2023 (Dagur íslenskrar náttúru er 16. sept. ár hvert) og 24. apríl 2023.

5. Skólaslit

Skólaslit í öllum grunnskólum borgarinnar verði *fimmtudaginn 6. júní 2024*.

Lagt er til að 17. maí 2024 verði sameiginlegur starfsdagur í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar til að fagna öðrum þriggja ára áfanga í innleiðingu menntastefnu borgarinnar.

Kallað verður eftir skóladagatölum með skilafresti eigi síðar en 31. mars 2023.